

# Samþykkt fyrir menningar- og íþróttanefnd

## Um verkefni menningar- og íþróttanefndar

### 1. gr.

Menningar- og íþróttanefnd hefur umsjón með menningar-, íþrótt- og frístundamálum í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn Fljótshálsa og fundarskóp bæjarstjórnar.

### 2. gr.

Menningar- og íþróttanefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar um stefnumörkun, reglur og gjaldskrár á sviði menningar-, íþrótt- og frístundamála Fljótshálsa. Nefndin fylgist með því að stofnanir á hennar vegum vinni að settum reglum, veiti góða þjónustu og að starfsemi þeirra sé skilvirk og hagkvæm.

### 3. gr.

Helstu verkefni menningar- og íþróttanefndar eru:

1. að stuðla að öflugum menningar-, íþrótt- og frístundastarfi á Fljótshálsa og hafa um það samstarf við aðila sem starfa á því sviði, m.a. með gerð sérstakra samstarfssamninga þar sem það á við,
2. að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri menningarstofnana, íþróttamannvirkja og félagsmiðstöðva á vegum Fljótshálsa,
3. að fylgjast með starfsemi þeirra menningarstofnana og -félaga og félaga er starfa að íþrótt- og frístundamálum og njóta styrkja menningar- og frístundanefndar,
4. að hafa umsjón með hátíðarhöldum á vegum sveitarfélagsins,
5. að sjá til að til séu sem gleggstar upplýsingar um menningar-, íþrótt- og frístundamál á Fljótshálsa og að íbúar hafi upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er,
6. að gera tillögur til bæjarstjórnar um staðarval og gerð nýrra mannvirkja sem ætluð eru til íþrótt- eða frístundastarfs
7. að hafa eftirlit með framkvæmd samninga sem gerðir eru við menntamálaráðuneytið um samstarf ríkisins og sveitarfélagsins um menningarmál á Fljótshálsa,
8. hafa umsjón með félagsheimilum í sveitarfélaginu.
9. fara með þau störf sem stjórn bókasafna eru falin skv. 7. gr. laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn og skv. reglugerðum byggðum á lögnum,
10. gera tillögur um tilnefningu bæjarlistamanns eða listamenn sem hljóta eiga starfslaun skv. reglum Fljótshálsa þar um

### 4. gr.

Menningar- og íþróttanefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða á sviði menningarmála og íþrótt- og frístundamála, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem lög setja skyldur á herðar sveitarfélaga m.a.

- safnalaga,
- laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa,
- laga um almenningsbókasöfn,
- leiklistarlaga,
- laga um húsafriðun,
- íþróttalaga,
- laga um æskulýðsmál,
- annarra lagasetninga Alþingis sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

6. gr.

Menningar- og íþróttanefnd getur veitt styrki til verkefna innan málaflokksins. Skulu slíkar styrkveitingar veittar í samræmi við reglur sem menningar- og íþróttanefnd semur þar um.

7. gr.

Menningar- og íþróttanefnd tilnefnir þrjá fulltrúa í stjórn Minjasafnsins, m.a. til að fara með umboð sveitarfélagsins á aðalfundi safnsins og einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórn Héraðsskjalasafnsins.

8. gr.

Menningar- og íþróttanefnd starfar í samræmi við eftirfarandi samþykktir bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs:

- A Stefnu Fljótsdalshéraðs 2007 - 2027,
- B Jafnréttisstefnu Fljótsdalshéraðs,
- C Aðrar samþykktir bæjarstjórnar sem á hverjum tíma tengjast starfsemi nefndarinnar.

### **Um skipan menningar- og íþróttanefndar**

9. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í menningar- og íþróttanefnd til loka kjörtímabils og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann.

10. gr.

Formaður menningar- og íþróttanefndar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

11. gr.

Menningar- og íþróttanefnd heldur að jafnaði 1 - 2 fundi í mánuði. Fundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

12. gr.

Menningar- og frístundafulltrúi situr að jafnaði fundi menningar- og íþróttanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal menningar- og íþróttanefnd leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra embættismanna þegar það á við vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast öðrum deildum stjórnarsýslunnar. Forstöðumenn menningar-, íþrótt- og frístundastofnana hafa seturétt á fundum nefndarinnar þegar fjallað er um málefni viðkomandi stofnana. Bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs hafa alltaf seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

### **Um yfirstjórn menningar-, íþrótt- og frístundamála**

13. gr.

Bæjarstjóri, í umboði bæjarstjórnar, ræður menningar- og frístundafulltrúa og veitir honum lausn frá störfum í samræði við menningar- og íþróttanefnd. Menningar- og frístundafulltrúi ræður í önnur störf á sviði menningar- íþrótt- og frístundamála í samræmi við heimildir í fjárhagsáætlun.

14. gr.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til menningar- og íþróttanefndar í samræmi við samþykktan fjárhagsramma bæjarstjórnar fyrir hvert starfsár. Nefndin gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna menningar-, íþrótt- og frístundamála. Tillögur um breytingar á þjónustu eða gjaldskrá skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar.

Menningar- og frístundafulltrúi leggur fyrir menningar- og íþróttanefnd tillögur að starfsáætlun og fjárhagsáætlun, í samstarfi við fjármálastjóra, sem nefndin skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

15. gr.

Formaður menningar- og íþróttanefndar er í forsvari fyrir menningar- og íþróttanefnd um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Menningar- og frístundafulltrúi ber ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu málaflokksins, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

## Um fundarsköp menningar- og íþróttanefndar

### 16. gr.

Um fundarsköp á fundum menningar- og íþróttanefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn Fljótisdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í menningar- og frístundanefnd þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundir menningar- og íþróttanefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Menningar- og íþróttanefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða menningar- og íþróttanefnd ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli til úrskurðar bæjarstjórnar ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska eftir því með bókun.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

### 17. gr.

Um ritun fundargerða menningar- og íþróttanefndar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. Samþykktar um stjórn Fljótisdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Ritari menningar- og íþróttanefndar skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa

1. fundartíma og fundarstað,
2. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
3. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
4. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
5. stutta lýsingu á hverju fundarefni,
6. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við og
7. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu sveitarfélagsins. Menningar- og frístundafulltrúi ber ábyrgð á að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í menningar- og íþróttanefnd, um málalok.

## **Um hæfi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna**

### 18. gr.

Um hæfi nefndarmanna menningar- og íþróttanefndar gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Um hæfi starfsmanna nefndarinnar gilda ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

### 19. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi menningar- og íþróttanefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

## **Málsmeðferðareglur menningar- og íþróttanefndar**

### 20. gr.

Við meðferð mála hjá menningar- og íþróttanefnd er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Menningar- og íþróttanefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum menningar- og íþróttanefndar áður en tekin er ákvörðun, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 50/1996.

Ákvörðun menningar- og íþróttanefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Þó þarf ekki að rökstyðja afgreiðslu umsókna um styrki á sviði lista og menningar. Einnig skulu fylgja tilkynningunni leiðbeiningar um kær- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

### **Heimildir til fullnaðarákvarðana**

21. gr.

Menningar- og íþróttanefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði hennar ef

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

22. gr.

Menningar- og íþróttanefnd felur menningar- og frístundafulltrúa fullnaðarafgreiðslu mála sem hún hefur mótað reglur um og samþykktar hafa verið af bæjarstjórn.

### **Endurupptaka máls**

23. gr.

Eftir að menningar- og íþróttanefnd eða starfsmenn hennar hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

## **Stjórnsýslukæra**

24. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun menningar- og íþróttanefndar eða starfsmanna hennar til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju. Þó er ekki hægt að kæra ákvarðanir um styrki til menningar- eða listastarfsemi.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar eða starfsmanna hennar, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

## **Gildi samþykktarinnar**

25. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 7. júlí 2010.